

Föstudaginn 9. október 1992.

Nr. 326/1990. **Protabú Jóns Friðrikssonar**
vegna **Gellis sf.**
gegn
Búnaðarbanka Íslands.

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hann settur inn í umráð 47 hlutabréfa þrotabúsins í Sæplasti hf., að nafnverði 3.728.000 krónur, sem eru í vörslum ábyrgðardeildar varnaraðila að Austurstræti 7 í Reykjavík. Hann krefst og málskostnaðar fyrir fógetarétti og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með aðilum er uppi ágreiningur um efnislegan rétt yfir hlutabréfum þeim, sem krafist er innsetningar í, og var eigi á valdi fógeta að taka afstöðu til hans. Var af þeirri ástæðu rétt að synja um hina umbeðnu innsetningargerð.

Samkvæmt því verður niðurstaða fógetaréttar staðfest svo og ákvörðun hans um málskostnað.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 4. september 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. ágúst sl.

Gerðarbeiðandi er þrotabú Jóns Friðrikssonar, kt. 121244-3149, v/Gellis sf., kt. 521266-0159, Seltjarnarnesi.

Gerðarþoli er Búnaðarbanki Íslands, Austurstræti 7, Reykjavík.

Krafa gerðarbeiðanda er sú, að 47 hlutabréf í Sæplasti hf., að nafnvirði 3.728.000 kr., verði tekin úr vörslu gerðarþola og fengin sér. Gerðin fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola. Þá er krafist málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að synjað verði um gerðina. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins, þar með talinna dráttarvaxta og virðisaukaskatts.

II.

Málavextir eru þessir helstir: Með yfirlýsingu gerðarþola, dags. 10. mars 1988, móttók hann 47 hlutabréf í Sæplasti hf., að nafnverði 3.728.000 kr., til tryggingar skuldbindingum Jóns Friðrikssonar og Gellis sf. Í yfirlýsingu þessari segir, að hlutabréfin séu móttækin, þar til að frekari tryggingar hafi verið lagðar fram. Hinn 23. maí 1989 ritaði gerðarþoli stjórn Sæplasts hf. bréf og skýrir henni frá því, að umrædd hlutabréf hafi verið veðsett sér. Jafnframt var óskað eftir samþykki stjórnar Sæplasts hf. til veðsetningarinnar, en samkvæmt samþykktum félagsins var óheimilt að veðsetja hlutabréf í félaginu án samþykkis stjórnar. Gerðarþoli leitaði eftir slíku samþykki, en var synjað, sbr. bréf stjórnar Sæplasts hf., dags. 19. júní 1989. Í bréfinu eru ástæður til synjunar stjórnarinnar gefnar þær, að staðið hafi til að gefa öll viðskipti með hlutabréf í félaginu frjáls. „Þykir rétt, að eitt gangi yfir alla í þeim efnum,“ segir í niðurlagi bréfsins.

Bú Jóns Friðrikssonar var tekið til gjaldþrotaskipta 24. janúar 1990, eftir því sem fram kemur í gögnum gerðarþola. Gerðarbeiðandi fór þess á leit við gerðarþola með bréfi, dags. 29. mars 1990, að fá hlutabréfin afhent, þar sem handveðið væri ógilt vegna vöntunar á samþykki stjórnar Sæplasts hf. Við því var ekki orðið af hálfu gerðarþola.

Í málinu hefur verið lögð fram yfirlýsing Jóns Friðrikssonar, dags. 25. júlí 1988, þess efnis, að hann skuldbindi sig til að afhenda lögmanni systur sinnar, Erní Clausen hrl., til geymslu hlutabréf sín í Sæplasti hf., þegar eða ef hann taki þau úr vörslu gerðarþola. Þá sé sér óheimilt að taka bréfin út úr bankanum án þess að afhenda lögmanninum þau. Á sama hátt sé sér óheimilt að selja bréfin án samþykkis systur sinnar eða lögmanns hennar, enda skuli andvirðinu varið til að aflétta veði, sem hún hafi heimil- að, að hvíldi á ákveðinni fasteign.

Á aðalfundi Sæplasts hf., sem haldinn var 5. júlí sl., var ákveðið að auka hlutafé félagsins með útgáfu jöfnunarhlutabréfa svo og útgáfu nýrra hlutabréfa. Jafnframt var samþykktum félagsins breytt á þann veg, að „framvegis verða engar viðskiptahömlur lagðar á meðferð hlutabréfa í félaginu milli íslenskra aðila og forkaupsréttarákvæði félagsins og hluthafa afnumin,“ eins og segir í bréfi framkvæmdastjóra Sæplasts hf., dags. 6. júlí 1990, til Hlutafélagaskrár.

Í gerðarbeiðni byggir gerðarbeiðandi algerlega á því, að umrædd hlutabréf hafi verið handveðsett gerðarþola. Samkvæmt samþykktum Sæplasts hf. hafi verið óheimilt að veðsetja hlutabréf í félaginu án samþykkis stjórnar þess. Gerðarþoli hafi leitað eftir slíku samþykki, en fengið synjun. Því sé réttur hans til hlutabréfanna ótvíræður.

Við munnlegan málf lutning rökstuddi gerðarþoli kröfu sína um synjun gerðarinnar með því, að mál þetta ætti ekki undir fógetarétt. Ef ekki væri á það fallist, væri gerðarþola óheimilt að afhenda hlutabréfin vegna yfirlýsingar Jóns Friðrikssonar frá 25. júlí 1988. Vísar gerðarþoli máli sínu til stuðnings á 22. gr. laga nr. 28/1976, 2. mgr. 24. gr. og 57. gr. laga nr. 6/1978, auk þess sem hann vísar til laga nr. 32/1978.

III.

Niðurstaða.

Samkvæmt yfirlýsingu gerðarþola, dags. 10. mars 1988, móttók gerðarþoli 47 hlutabréf í Sæplasti hf. til tryggingar skuldbindingum Jóns Friðrikssonar og Gellis sf., þar til er frekari tryggingar væru lagðar fram, eins og segir í yfirlýsingunni. Í yfirlýsingu þessari segir ekki, hver sé eigandi hlutabréfanna, og ekki er það berum orðum sagt í gerðarbeiðni. Bú Jóns Friðrikssonar mun hafa verið úrskurðað gjaldþrota, og krefst nú skiptastjóri afhendingar hlutabréfanna „f. h. þb. Jóns Friðrikssonar v/Gellis sf.“, eins og segir í gerðarbeiðni.

Í málinu liggur frammi sýnishorn hlutabréfa í Sæplasti hf. Samkvæmt því er skráð á bakhlið hlutabréfa í félaginu útdráttur úr samþykktum þess. Þar á meðal er 9. gr. samþykktanna, þar sem segir, að óheimilt sé að veðsetja hlutabréf í félaginu án samþykkis stjórnar þess. Þar sem slíkt samþykki lá ekki fyrir, verður að álykta, að við móttöku gerðarþola á umræddum hlutabréfum 10. mars 1988 hafi ekki stofnast gildur handveðsréttur honum til handa. Beiðni gerðarþola til stjórnar Sæplasts hf. um samþykki til veðsetningarinnar var síðan hafnað 23. maí 1989. Á aðalfundi Sæplasts hf. 5. júlí 1990 var hins vegar gerð m. a. sú breyting á samþykktum félagsins, að afnumdar voru allar viðskiptahömlur á meðferð hlutabréfa í félaginu milli íslenskra aðila, auk þess sem forkaupsréttarákvæði félagsins og hluthafa voru afnumin. Með þessari breytingu á samþykktum félagsins telst

hafa verið rutt úr vegi þeirri hindrun, að til fullgilds handveðs hafi ekki mátt stofnast í umræddum hlutabréfum til handa gerðarþola án samþykkis stjórnarinnar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir gerðarbeiðandi ekki hafa sýnt fram á, að réttur hans til að fá umrædd hlutabréf afhent sér með beinni fúgetagerð sé skýr, og ber því að hafna kröfu hans.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað, sem hæfi-
legur þykir 45.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu gerðarbeiðanda, þb. Jóns Friðrikssonar v/Gellis sf., að 47 hlutabréf í Sæplasti hf. verði tekin úr vörslu gerðarþola, Búnaðar-
banka Íslands, er hafnað.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 45.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðarins.
